



Skóla- og frístundasvið, Reykjavíkurborgar  
b/t Helgi Grímsson

Reykjavík, 16. október 2019

### Mál: Uppbyggingareitir í Grafarvogi. Skólahverfi og þétting byggðar

Vísað er til erindis sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dagsett 27. júní 2019, sbr. bókun meirihlutafulltrúa í skóla- og frístundaráði þann 25. júní, þar sem óskað er eftir umsögn umhverfis- og skipulagssviðs um tillögur starfshóps um framtíðarskipulag skóla- og frístundastarfs í norðanverðum Grafarvogi. Í umræddri bókun er óskað eftir mati á “raunhæfni og fýsileika þess að ráðast í uppbyggingu á þróunarsvæðum í Staðahverfi” og mögulegri tímasetningu uppbyggingar, miðað við bindandi markmið gildandi aðalskipulags.

Eins og segir í eldri umsögn, dagsett 3. maí 2019, þá hefur möguleg uppbygging á þróunarsvæðum við Staðahverfi ekki enn hlotið formlega umfjöllun hjá umhverfis- og skipulagssviði. Það er hinsvegar eðlilegt að þessi uppbyggingarmöguleikar verði metnir og ræddir í boðaðri breytingu á aðalskipulagi, þar sem skoða á þéttingu íbúðarbyggðar til ársins 2040. Leiðarljós í þeirri breytingartillögu er leggja áherslu á þéttingu íbúðarbyggðar, annars vegar nálægt fyrirhugaðri Borgarlínu og hinsvegar nálægt öflugum atvinnukjörnum, sbr. einnig markmið gildandi aðalskipulags. Það er ljóst að fyrir liggja miklir möguleikar á að þetta íbúðarbyggð víða innan borgarinnar og þróunarreitir sem nú þegar hafa verið skilgreindir gætu jafnvel mætt íbúðarþörf fram til ársins 2050. Vegna þessa er mikilvægt að uppbyggingarsvæðum verði forgangsraðað mjög markvisst í fyrirhugaðri aðalskipulagsbreytingu, í samræmi við ofangreind megin markmið. Í takti við þetta yrði uppbygging á umræddum reitum við Víkurveg og Korpúlfsstaðaveg tæplega sett í forgang á næstu árum. Samkvæmt nýlegu samkomulagi um uppbyggingu samgönguinnviða á höfuðborgarsvæðinu, er gert ráð fyrir því að sá framkvæmdaáfangi Borgarlínu sem nær að Spönginni, verði í fyrsta lagi á dagskrá árið 2029. Á grundvelli þessa er ekki líklegt að ráðist yrði í verulega þéttingu í norðanverðum Grafarvogi fyrr en í kringum 2030.

Minniháttar þétting íbúðarbyggðar getur einnig verið mikilvæg til að viðhalda félagslegri sjálfbærni skólahverfa, vinna gegn “þynningu” vegna minnkandi fjölskyldustærða, lægri fæðingartíðni og breyttrar aldurssamsetningar. Slík þétting er ekki síst mikilvæg í Grafarvogi þar sem skólahverfin eru óvenju smá og er tækifæri til að skoða það í áformuðu hverfisskipulagi. Í tilviki Staðarhverfis, sem lang minnsta skólahverfið, þá er það ljóst að það þarf verulega mikla þéttingu til að tryggja sjálfbærni þess til lengri framtíðar.

Að öðru leyti er vísað til fyrri umsagnar, frá 3. maí sl.

Haraldur Sigurðsson

Hjálagt:

Umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, dagsett, 3. maí 2019